

Vefaraættin – niðjasamtök

Stofnfundur

Ágæti Vefari!

Með þessu bréfi boðar bráðabirgðastjórn niðjasamtakanna til stofnfundar, sem haldinn verður í **Hagaskóla í Reykjavík mánudaginn 14. maí n.k. og hefst hann kl. 20:00.**

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar um starfið til þessa og verkefni framundan.
2. Skýrsla fjáröflunarnefndar v/minningartöflunnar
3. Reikningar samtakanna.
4. Tillaga að stofnsamþykktum samtakanna.
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
6. Kosning fjáröflunarnefndar.
7. Ákvörðun um árgjald félagsmanna.
8. Önnur mál.



Viðgerð minningartöflunnar lýkur á næstu dögum og verður taflan því til sýnis á fundinum.



Eins og kunnugt er var stofnað til samtakanna af nokkrum Vefurum í miklum flýti undir lok síðasta árs til þess að unnt væri að ýta úr vör fjársöfnun og viðgerð töflunnar. Jafnframt var litið svo á, að boðað yrði til formlegs stofnfundar þegar um hægðist og séð væri fyrir endann á þessu verkefni, - og að þá yrðu kallaðir til fundar allir þeir Vefarar sem lagt hefðu í púkkið og/eða lýst yfir vilja sínum til að leggja þessum samtökum lið.

Samtals eru því boðaðir til þessa fundar um 360 manns (sjá <http://vefari.bloggar.is/>), búsettir víða um land, en flestir á suðvesturhorninu og Austurlandi. Vandfundinn er sá fundarstaður sem hentað getur öllum í þessum dreifða hópi, svo að ákveðið var að halda fundinn í Reykjavík að þessu sinni. Sjáir þú þér ekki fært að mæta núna, áttu þess þó vonandi kost að koma á fyrirhugaða samkomu Vefara austur á Héraði í sumar, þegar minningartaflan verður formlega afhent Minjasafni Austurlands til varðveislu. Stefnt er að þeirri athöfn og niðjamóti í tengslum við hana laugardaginn 30. júní, en nánar verður tilkynnt um það síðar.

Meðfylgjandi er tillaga að stofnsamþykktum í stað þeirra sem settar voru á blað í desember. Hún kemur til afgreiðslu stofnfundarins, en allar ábendingar um þessi drög eru vel þegnar fyrir þann tíma líkt og aðra þætti í starfsemi niðjasamtakanna.

Reykjavík, 27. apríl 2007,


Gunnlaugur Haraldsson

Kristjón Kolbeins


Hrefna Róbertsdóttir

Þorvarður Örnólfsson